

# Velferð barna í erfiðri stöðu

Framhald könnunar  
velferðarvaktarinnar frá vorinu 2011

Rýnihópar



September 2012



Velferðarráðuneyti: Velferð barna í erfiðri stöðu  
September 2012

Útgefandi: Velferðarráðuneyti  
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu  
150 Reykjavík  
Sími: 545 8100  
Bréfasími: 551 9165  
Netfang: [postur@vel.is](mailto:postur@vel.is)  
Veffang: [velferdarraduneyti.is](http://velferdarraduneyti.is)

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneyti

© [2012] Velferðarráðuneyti

ISBN 978-9979-799-56-6

## Helstu niðurstöður

---

Athyglisverðustu niðurstöður sem draga má af þessari framhaldsrannsókn að mati rannsakanda eru eftirfarandi:

- Kallað er eftir heildrænni sýn fyrir málaflokk barna og barnafjölskyldna í erfiðri stöðu – langtímamarkmiða er þörf í stað skammtímamarkmiða.
- Umræða um feðraorlof var fyrirferðarmikil – feðraorlof virðast vera nýtt í mun minna mæli en þegar þau voru lögfest – sem er verulega slæm þróun.
- Að efla sjálfstæði einstaklingsins þykir aðkallandi forgangsverkefni – að einstaklingurinn geti sjálfur bjargað sér án tilkomu enn frekari styrkja og/eða bóta.
- Kerfið þykir ekki nægilega hvetjandi – fólk í erfiðri stöðu þarf að vega og meta hvort það borgi sig að fara af bótum þegar vinna býðst.
- Samvinnu kerfa er standa að þjónustu við börn þykir ábótavant – svo sem milli barnaverndarnefnda og skóla.
- Stuðningur í skólum virðist misjafn milli svæða – til að mynda aðgengi barna að skólahjúkrunarfræðingi, sem verður að teljast alvarlegt.
- Mikil eftirspurn er eftir sál- og geðheilbrigðisþjónustu og kallað er eftir því að börn, sem og fullorðnir, sitji við sama borð hvað aðgang að þessari þjónustu varðar óháð búsetu.

<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>4</b>
<b>EFNISYFIRLIT .....</b>	<b>5</b>
<b>INNGANGUR .....</b>	<b>6</b>
<b>SAMANTEKT .....</b>	<b>7</b>
HELSTU NIÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR VORIÐ 2011.....	9
<b>1 VERKEFNALÝSING .....</b>	<b>11</b>
1.1 AÐFERÐ.....	11
1.2 MARKMIÐ .....	11
1.3 FRAMKVÆMD .....	11
1.4 LÝSING Á ÞÁTTAKENDUM.....	12
1.5 FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA .....	13
<b>2 NIÐURSTÖÐUR .....</b>	<b>14</b>
2.1 ÞEMU SEM FRAM KOMU Í UMRÆÐUM RÝNIHÓPA.....	14
2.1.1 <i>Breytt þjónusta opinberra aðila .....</i>	<i>14</i>
2.1.2 <i>„Týndir“ hópar, meðal annars vegna úrræðaleysis.....</i>	<i>18</i>
2.1.3 <i>Verri andleg líðan og hegðun .....</i>	<i>20</i>
2.2 MUNUR Á UMRÆÐU HÓPANNA ÞRIGGJA .....	22
2.3 SAMANBURÐUR NIÐURSTAÐNA: KÖNNUN VORIÐ 2011 OG RÝNIHÓPAR 2012 .....	23
2.4 OPIN VIÐTÖL – DÝPKUN Á NIÐURSTÖÐUM .....	24
2.4.1 <i>Samantekt opinna viðtala.....</i>	<i>27</i>
<b>LOKAORÐ.....</b>	<b>28</b>
<b>HEIMILDASKRÁ .....</b>	<b>31</b>
<b>VIÐAUKI 1 – UPPLÝSINGABRÉF ÞÁTTAKENDA RÝNIHÓPA.....</b>	<b>32</b>
<b>VIÐAUKI 2 – UMRÆÐURAMMI FYRIR RÝNIHÓPA .....</b>	<b>34</b>
<b>VIÐAUKI 3 – VIÐMIÐ FYRIR OPIN VIÐTÖL.....</b>	<b>35</b>

## Inngangur

---

Hér á eftir verður greint frá niðurstöðum þriggja rýnihópa um velferð barna í erfiðri stöðu á Íslandi sem velferðarvaktin hafði forgöngu um. Velferðarvaktin á rætur að rekja til ársbyrjunar 2009 þegar þáverandi ríkisstjórn samþykkti að skipa sérstaka velferðarvakt sem ætlað var að fylgjast með félags- og fjárhagslegum afleiðingum bankahrunsins. Verkefni velferðarvaktarinnar hafa ekki síst falist í að fylgjast með hvaða hópar fólks eru líklegir til að verða harðast úti og leggja fram tillögur að aðgerðum sem ætlað er sérstaklega að mæta aðstæðum þessara hópa.

Í áfangaskýrslu velferðarvaktarinnar frá júní 2011 kemur fram að starfsfólk skóla telur að börnum farnist yfirleitt vel þrátt fyrir hagræðingaraðgerðir stjórnvalda í kjölfar hrunsins. Þó hafi velferðarvaktinni borist ábendingar um að þau börn sem áttu við vanda að stríða fyrir kreppu hafi frekar en önnur börn fundið fyrir afleiðingum hennar. Í ljósi þessara ábendinga ákvað velferðarvaktin að gera könnun á högum þessara barna. Í framhaldi af því voru sendar þrjár spurningar vorið 2011 til barnaverndarnefnda, heilsugæslustöðva og grunnskóla á landsvísu. Spurningar voru eftirfarandi:

### **Grunnskólar:**

1. Eru börn eða hópar barna í skólanum þínum sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu og standa enn verr í dag?

### **Heilbrigðisstofnanir/heilsugæslustöðvar:**

1. Standa þau börn sem að mati heilsugæslunnar bjuggu við alvarlega erfiðleika fyrir efnahagshrunið enn verr í dag?

### **Barnaverndarnefndir:**

1. Standa þau börn sem barnaverndarnefndin hafði afskipti af fyrir kreppu enn verr í dag?

### **Grunnskólar, heilbrigðisstofnanir/heilsugæslustöðvar og barnaverndarnefndir:**

2. Hver er vandinn og hvernig birtist hann?
3. Til hvaða aðgerða ætti að grípa að mati starfsfólks til að bæta hag þessara barna?

Spurningar könnunar frá vori 2011 voru opnar og því fjölbreytt svör sem bárust sem gerði það að verkum að vinnsla hennar var umfangsmeiri en talið hafði verið. Í ljósi þess var ákveðið að kalla til þrjá rýnihópa; einn af Suðurlandi og tvo af höfuðborgarsvæðinu, nánar tiltekið frá Grafarvogi og Hafnarfirði, er samanstóðu af fagaðilum frá sömu þremur stofnunum og svöruðu könnuninni vorið 2011, áður en fyrirnefnd skýrsla verður gefin út. Niðurstöður könnunarinnar vorið 2011 voru lagðar fyrir í rýnihópunum. Þegar framkvæmd rýnihópa var lokið fóru fram þrjú einkaviðtöl sem nýtt voru til frekari dýpkunar á þeim niðurstöðum sem lágu fyrir. Berglind Stefánsdóttir nemi við *Aarhus University* var ráðin í tvo mánuði sumarið 2012 til að sjá um framkvæmd framhaldsrannsóknarinnar og skrifa skýrslu.

Skýrsla þessarar framhaldsrannsóknar er fjórskipt. Í fyrsta hluta eru helstu niðurstöður umræðna rýnihópanna dregnar saman, í öðrum hluta er farið yfir helstu niðurstöður könnunar frá vorinu 2011, í þriðja hluta er farið yfir verkefnislýsinguna þar sem aðferð, markmið, framkvæmd, þátttakendum og framsetningu niðurstaðna er lýst. Í fjórða hluta eru niðurstöður umræðu rýnihópa kynntar, þær bornar saman við niðurstöður könnunar frá vorinu 2011 og farið yfir niðurstöður opinna viðtala.

## Samantekt

Markmið þessarar framhaldsrannsóknar á könnun frá vorinu 2011 Velferð barna í erfiðri stöðu var að varpa frekara ljósi á og dýpka niðurstöður könnunarinnar. Notast var við eigindlegar rannsóknaraðferðir, þ.e. rýnihópa og opin viðtöl. Alls var 21 þátttakandi í rýnihópunum, 14 konur og 7 karlar. Tekin voru viðtöl við þrjú einstaklinga, allt konur. Rýnihópur eitt var skipaður þátttakendum frá Grafarvogi, rýnihópur tvö þátttakendum frá Hafnarfirði og rýnihópur þrjú þátttakendum af Suðurlandi. Þessi þrjú svæði voru valin út frá niðurstöðum könnunar vorið 2011 og vegna þess hve hátt hlutfall barna af landinu öllu býr á þessum svæðum. Mikill munur var til að mynda á svörum fyrir höfuðborgarsvæðið<sup>1</sup> annars vegar og Suðurland<sup>2</sup> hins vegar. Alls komu sjö fagstéttir að rýnihópunum; félagsráðgjafi, félagsfræðingur, iðjubjálfi, læknir, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og kennari.

Umræður hópanna þriggja leiddu í ljós þrjú meginþemu sem hvert hafði svo nokkur undirþemu, eins og sjá má í töflu 1.

Tafla 1: Þrjú meginþemu og undirþemu umræðu rýnihópanna þriggja.

Breytt þjónusta opinberra aðila	„Týndir“ hópar, meðal annars vegna úrræðaleysis	Verri andleg líðan og hegðun
Þyngri mál og/eða lengri leiðslur í kerfinu	Ungt fólk 18–24 ára	Andleg líðan og hegðun barna
Sjálfstæði einstaklingsins	Ungt fólk í neyslu	Andleg líðan og hegðun fullorðinna
Langtímamarkmið í stað skammtímamarkmiða	Innflytjendur	
Bóta- og styrkjakerfið	Hópar sem eru á mörkunum; fjárhagslega og gagnvart aðgengi barna og fjölskyldna að annars stigs þjónustu	
Samvinna kerfa		
Stuðningur í skólum		
Aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu		

Ekki var mikill munur á umræðum hópanna en þó einhver. Helst ber að nefna þann mun sem þátttakendur hópa eitt og þrjú annars vegar og þátttakendur hóps tvö hins vegar töldu vera á stöðu barna á sínu svæði. Annað sem kom fram er munur á stuðningi í skólum – hann virtist vera útfærður á mismunandi hátt milli svæða og mismunandi var hvernig þátttakendur upplifðu samvinnu kerfanna í dag þótt allir töldu frekari samvinnu vera af hinu góða.

Þegar niðurstöður rýnihópanna og opnu viðtalanna voru bornar saman við niðurstöður könnunar frá vorinu 2011 sást mikill samhljómur þar á milli. Einhver munur var þó á þessum niðurstöðum en hann var ekki mikill. Fyrst ber að nefna umræðuna um fátækt. Bæði í

<sup>1</sup> Höfuðborgarsvæðið: Reykjavík, Garðabær, Hafnarfjörður, Kópavogur, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Álftanes og Kjósarhreppur.

<sup>2</sup> Suðurland: Ánessýsla, Rangárvallasýsla, Vestur- Skaftafellssýsla og Austur-Skaftafellssýsla.

rýnihópunum og í opnu viðtölunum vildi sú umræða leiðast yfir á sjálfstæði einstaklingsins fremur en um auknar bætur eða fjárhagsaðstoð þvert á niðurstöður könnunar. Þátttakendur rýnihópa lögðu einnig þunga áherslu á hóp ungs fólks um og yfir 18 ára.

Tekið var viðtal við fulltrúa þriggja stofnana/samtaka, þ.e. Félags einstæðra foreldra, Samtaka kvenna af erlendum uppruna og Hjálparstofnunar kirkjunnar. Þessar þrjár stofnanir og samtök voru valin út frá niðurstöðum könnunar 2011 og bráðabirgðaniðurstöðum rýnihópa. Viðtölin studdu enn frekar við þær niðurstöður sem þegar höfðu komið fram, bæði í könnun frá vorinu 2011 og í umræðum rýnihópa. Kallað var sérstaklega eftir aukinni fræðslu sem og heildrænni stefnu fyrir þá hópa sem framangreindar stofnanir/samtök sinna eða vinna með.

Af niðurstöðum umræðna í rýnihópum og viðtölum við fulltrúa stofnana/samtaka má draga þá ályktun að að mati rannsakanda að heildræna sýn fyrir málefni barna og barnafjölskyldna í erfiðri stöðu skorti. Auka má samvinnu milli kerfa og samræma stuðning sem stendur til boða í skólum. Jafna þarf aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu. Skoða þarf hvernig auka má nýtingu feðraorlofs. Að lokum þarf hvatning til sjálfstæðis að vera innbyggð í kerfið, það þarf að borga sig að vera á vinnumarkaði frekar en á styrkjum eða bótum.

Byggt á þeim niðurstöðum sem liggja fyrir og vegna takmarkaðs tíma til vinnslu rannsóknarinnar væru næstu skref að kalla til notendur sjálfa og fulltrúum þriðja geirans og fá að heyra þeirra viðhorf og upplifun af stöðunni eins og hún er í dag samanborið við stöðuna fyrir efnahagshrunið. Auka mætti fræðslu og stuðla þannig að breyttum hugsunarhætti hjá samfélagsþegnum þessa lands.

## Helstu niðurstöður könnunar vorið 2011

Tafla 2: Hlutfall barna í grunnskólum, umdæmum heilsugæslustöðva og umdæmum barnaverndarnefnda sem svarar játandi af heildarfjölda þeirra sem svöruðu miðað við landshluta.

Landshluti	Hlutfall barna í grunnskólum sem svarar játandi af þeim sem svara	Hlutfall barna í umdæmi heilsugæslustöðva sem svarar játandi af þeim sem svara	Hlutfall barna í umdæmi barnaverndarnefnda sem svarar játandi af þeim sem svara
Höfuðborgarsvæðið	45,6%	100,0%	91,2%
Suðurnes	67,9%	100,0%	64,9%
Vesturland	30,4%	17,0%	65,5%
Vestfirðir	0,0%	0,0%	11,0%
Norðurland vestra	0,0%	16,5%	14,7%
Norðurland eystra	33,3%	77,9%	100,0%
Austurland	44,6%	0,0%	47,6%
Suðurland	30,0%	70,2%	9,6%
<b>Alls</b>	<b>41,7%</b>	<b>84,0%</b>	<b>77,1%</b>

Svör við spurningu tvö voru flokkuð í þrjú þemu, sjá töflu 3:

Tafla 3: Þemu byggð á svörum við spurningu 2 úr könnun vorið 2011 og dæmi um hvert þema þar sem efsta dæmið var oftast nefnt og svo koll af kolli.

Aukin fátækt	Skert þjónusta	Verri andleg heilsa eða hegðun
Verri og sýnilegri fátækt	Úrræðaleyfi ríkir gagnvart börnum í vanda	Aukinn kvíði og vanlíðan barna
Erfiðara að greiða fyrir mataráskrift eða börn hætta í mataráskrift	Mál barna sem eiga við erfiðleika að stríða eru of lengi í vinnslu	Slæm líðan foreldra hefur áhrif á börnin
Erfiðara að greiða fyrir tómstundir eða börn hætta í tómstundum	Niðurskurður á þjónustu bitnar á börnum sem stóðu illa fyrir kreppu	Aukinn vímuefnavandi
Erfiðara að taka þátt í félagslífi sem þarf að greiða fyrir	Biðlistar eftir sálfræði- eða geðheilbrigðisþjónustu eru of langir	Vanræksla hefur aukist meðal þeirra sem standa illa
Börn fara síður til tannlæknis	Úrræðaleyfi er hjá barnaverndar- nefndum og félagsþjónustu sveitarfélaga	Tíðari og/eða erfiðari skilnaðir
Staða einstæðra foreldra	Úrræðaleyfi ríkir gagnvart vímuefnavanda ungmenna	
	Biðlistar á BUGL og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins eru of langir	
	Mál innflytjenda eru erfiðari í vinnslu	



Svör við spurningu þrjú voru einnig flokkuð í þemu og var stuðst við þemu í spurningu tvö við þá flokkun. Flokkað var í eftirfarandi tvö þemu: *Að draga úr fátækt og að standa vörð um þjónustu og hugmyndir til að bæta andlega heilsu og hegðun*, sjá töflu 4.

**Tafla 4: Þemu byggð á svörum við spurningu 3 úr könnun vorið 2011 og dæmi um hvert þema þar sem efsta dæmið var oftast nefnt og svo koll af kolli.**

Landshluti	Hlutfall barna í grunnskólum sem svara játandi af þeim sem svara
Auka fjárhagsaðstoð vegna barna	Efla úrræði og standa vörð um þau úrræði sem eru í boði
Gjaldfrjálsar skólamáltíðir gætu hjálpað illa settum börnum	Efla aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu
Efla aðgengi að íþróttum og tómstundum með niðurgreiðslu eða hafa þær gjaldfrjálsar	Auka aðstoð inn í skólana
	Aukin samvinna milli þeirra sem koma að þjónustu við börn
	Efla félagsþjónustu
	Efla úrræði vegna neyslu vímuefna
	Stöðva niðurskurð í skólum
	Auka úrræði barnaverndar
	Efla starf skólahjúkrunarfræðings
	Stytta biðlista á BUGL og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

# 1 Verkefnalýsing

---

## 1.1 Aðferð

Notast var við eigindlegar rannsóknaraðferðir í þessari framhaldsrannsókn á könnun velferðarvaktarinnar frá vorinu 2011. Eigindlegar rannsóknaraðferðir snúast síður um að mæla veruleikann en frekari áhersla er lögð á að fá fram viðhorf og upplifun þeirra sem skoða skyldi<sup>3</sup>. Þær eigindlegu rannsóknaraðferðir sem unnið var eftir voru rýnihópar (focus groups) og opin viðtöl eða einkaviðtöl.

Rýnihópur er hópur fólks sem kemur saman og á samræður eða umræður varðandi afmarkað málefni. Þessi rannsóknaraðferð er notuð til að öðlast betri skilning á viðhorfum og reynslu þessa tiltekna hóps fólks gagnvart tilteknu málefni eða efni. Algengt er að 4–12 manns séu í hverjum hópi og að á bilinu 3–6 hópar séu keyrðir í hverri rannsókn. Niðurstöður úr rýnihópum endurspeglu þó einungis viðhorf og upplifun þeirra sem taka þátt í umræðunum og hafa því ekkert alhæfingargildi<sup>4</sup>.

Gagnagreining eða úrvinnsla gagna rýnihópa er þrískipt; meðan á viðtalinu stendur, strax að loknu viðtali og yfirferð á umræðum hópsins þegar þær hafa verið skrifaðar upp orð fyrir orð. Það er hlutverk stjórnanda að greina umræðuna í meginþemu sem jafnan hafa undirþemu. Það er gert með endurtekinni yfirferð yfir þau gögn sem liggja fyrir og skoða hvort sömu umræður komi fram í öllum hópum rannsóknarinnar<sup>5</sup>.

Opin viðtöl eða einkaviðtöl hafa sömu eiginleika eigindlegar aðferðafræði og rýnihópar, þ.e. þeim er beitt til að fá fram viðhorf og upplifun viðmælenda á tilteknu málefni.

## 1.2 Markmið

Markmið þessarar könnunar var að varpa ljósi á og dýpka niðurstöður könnunar velferðarvaktarinnar *Velferð barna í erfiðri stöðu* frá vorinu 2011

## 1.3 Framkvæmd

Fundað var með þremur rýnihópum; tveimur af höfuðborgarsvæðinu og einum af Suðurlandi. Hópur eitt á höfuðborgarsvæðinu samanstóð af fulltrúum frá heilsugæslu, barnaverndarnefnd og skólum er þjóna börnum í Grafarvogi. Hópur tvö af höfuðborgarsvæðinu samanstóð af fólki frá sömu stofnunum nema aðeins þeim stofnunum er þjóna börnum í Hafnarfirði. Hópur þrjú samanstóð af fólki frá sömu stofnunum, en aðeins þeim er þjóna börnum af Suðurlandi. Þessi þrjú svæði voru valin vegna mismunandi niðurstaðna þeirra í könnun frá vorinu 2011 og vegna þess að svæði þessi þjóna stórum hópi barna.

Reynt var að hafa samband við fólk fyrst í gegnum síma og boða það í hópana en þegar upp kom að ekki náðist í fólk fékk það sent tölvupóst þess efnis að reynt hefði verið að ná í það og erindið kynnt stuttlega. Þegar fólk hafði samþykkt að taka þátt í rýnihópi fékk það sent upplýsingabréf með frekari útlistun á verkefninu (sjá viðauka 1).

Umræður rýnihópanna fóru fram dagana 18., 20. og 22. júní 2012 og stóðu yfir í rúma tvo tíma hver. Hóparnir frá höfuðborgarsvæðinu hittust í húsakynnum velferðarráðuneytisins

---

<sup>3</sup> Sigurlína Davíðsdóttir (2003). Eigindlegar eða megindlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Bókarvirkið.

<sup>4</sup> Sóley Bender (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Bókarvirkið.

<sup>5</sup> Sóley Bender (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum*. Akureyri: Bókarvirkið.

en hópurinn frá Suðurlandi hittist í húsakynnum Fjölbrotaskóla Suðurlands (FSU) í Árborg. Umræðustjóri var Berglind Stefánsdóttir. Tiltekinn umræðurammí (sjá viðauka 2) var notaður við uppbyggingu umræðna rýnihópanna. Fundirnir voru teknir upp á myndband í þeim tilgangi að auðvelda gagnavinnslu að þeim loknum. Myndböndum var eytt að vinnslu lokinni. Þátttakendur voru upplýstir um upptökuna sem og tilgang hennar. Umræðustjóri hafði ekki áhrif á umræðuna á annan hátt en þann að beina henni í ákveðinn farveg samkvæmt skilgreindum markmiðum. Umræðustjóri leitaðist við að hefta umræðu- og hugmyndaflæði sem minnst.

Þegar framkvæmd rýnihópa var lokið voru tekin þrjú opin viðtöl til frekari dýpkunar. Þau fóru fram dagana 28. júní til 3. júlí og voru ein klukkustund að lengd hvert. Einkaviðtölin voru ekki tekin upp og voru einungis framkvæmd í þeim tilgangi að fá staðfestingu á og/eða dýpka enn frekar niðurstöður. Helstu niðurstöður könnunarinnar og drög að niðurstöðum rýnihópa voru kynnt við upphaf viðtala og því næst spurt út í viðfangsefnið frá sjónarhóli viðmælanda (sjá spurningar til viðmiðunar í viðauka 3). Við val á aðilum í einkaviðtölum var tekið mið af niðurstöðum könnunar frá vorinu 2011 og bráðabirgðaniðurstöðum rýnihópanna – sjá frekar í kafla 1.4.

## 1.4 Lýsing á þátttakendum

Alls var 21 þátttakandi í rannsókninni, 14 konur og 7 karlar. Að auki var tekið viðtal til frekari dýpkunar niðurstaðna við þrjá aðila, sem allt voru konur. Frekari lýsing á þátttakendum og hvernig þeir röðuðust í þrjá rýnihópa er eftirfarandi:

### Hópur 1:

Alls mættu sjö af átta boðuðum þátttakendum; fjórar konur og þrír karlar. Fjórir fulltrúar komu frá heilsugæslu, tveir frá skólakerfinu og einn frá barnaverndarnefnd. Einn þátttakandi afboðaði komu sína vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Leitað hafði verið eftir því að fá fleiri frá barnaverndarnefnd en án árangurs. Ýmis fagmenntun var innan hópsins; félagsráðgjafi, félagsfræðingur, iðjubjálfi, læknir, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og kennari.

### Hópur 2:

Alls mættu fimm af níu boðuðum þátttakendum; fjórar konur og einn karl. Tveir aðilar komu frá heilsugæslu, tveir frá barnaverndarnefnd og einn frá skólakerfinu. Þátttakendur afboðuðu komu sína vegna óviðráðanlegra aðstæðna utan eins sem mætti ekki án skýringa. Ýmis fagmenntun var innan hópsins; félagsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir og kennari.

### Hópur 3:

Allir níu boðaðir þátttakendur mættu; sex konur og þrír karlar. Þrír fulltrúar komu frá heilsugæslu, tveir frá barnaverndarnefnd og fjórir frá skólum. Ýmis fagmenntun var innan hópsins; læknir, félagsráðgjafi, hjúkrunarfræðingur og kennari.

### Opin viðtöl:

Þegar fundir rýnihópanna þriggja höfðu farið fram tók umræðustjóri hópanna viðtal við fulltrúa þriggja samtaka eða félaga. Það sem þessi þrjú samtök eða félög áttu sameiginlegt var starf þeirra og tengsl við minnihlutahópa í íslensku samfélagi. Ákvörðun um hvaða samtök eða félög urðu fyrir valinu var byggð á niðurstöðum könnunar frá vorinu 2011 auk bráðabirgðaniðurstöðum rýnihópa. Samtökin eða félögin voru eftirfarandi: Félag einstæðra foreldra, Samtök kvenna af erlendum uppruna og Hjálparstofnun kirkjunnar.

## 1.5 Framsetning niðurstaðna

Niðurstöðukaflinn skiptist í fernt. Í fyrsta hluta er farið yfir þau þemu sem komu fram hjá hópunum þremur, í öðrum hluta er mismunur á umræðum rýnihópa reifaður, í þriðja hluta eru niðurstöður könnunar vorið 2011 bornar saman við niðurstöður rýnihópa og í fjórða hluta eru niðurstöður enn frekar dýpkaðar með helstu punktum úr opnum viðtölum.

## 2 Niðurstöður

---

### 2.1 Þemu sem fram komu í umræðum rýnihópa

Niðurstöður umræðu rýnihópanna hafa verið flokkaðar í þrjú meginþemu: *Breytt þjónusta opinberra aðila*, „týndir“ hópar meðal annars vegna úrræðaleysis og verri andleg líðan og hegðun. Þemun fela í sér uppistöðu umræðu hópanna þriggja og varpa ljósi á hana.

#### 2.1.1 Breytt þjónusta opinberra aðila

Mikið var rætt um aðkomu opinberra aðila að þessum hópi barna og þá sér í lagi aðkomu ríkis og sveitarfélaga. Aðilar frá þremur opinberum stofnunum voru í hópnum en umræðan barst einatt að aðkomu stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga, þ.e. þaðan sem fjármagnið kemur.

Dæmi um umræður sem féllu undir þemað *breytt þjónusta opinberra aðila*:

- Þyngri mál og/eða lengri leiðslur í kerfinu
- Sjálfstæði einstaklingsins
- Langtímamarkmið í stað skammtímamarkmiða
- Bóta- og styrkjakerfið
- Samvinna kerfa
- Stuðningur í skólum
- Aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu

Nánar verður farið yfir hvert dæmi fyrir sig hér á eftir.

- **Þyngri mál og/eða lengri leiðslur í kerfinu**

Hvort sem vandinn væri talinn aukinn eður ei hjá þessum tiltekna hópi voru allir sammála því að leiðslur innan kerfisins væru orðnar lengri og að málin væru orðin þyngri í vinnslu, bæði vegna manneklu innan kerfisins og þyngri tilfella. Dæmi um slíka umræðu rýnihópana má sjá hér í tilvísunum frá þátttakendum:

„...það er kannski mannekla á mörgum stofnunum sem kemur í veg fyrir það að þessi þjónusta sé veitt nógu fljótt. Það er svo mikil bið eftir að mál séu afgreidd kannski, af því það vantar starfsfólk.“

„Sko ég held það hafi ekki verið aukning á barnaverndarmálum í X, nema kannski fyrst. Síðan held ég að það hafi svona verið að draga úr tilkynningum. Hins vegar hafa málin, finnst okkur, vera þyngri. Það eru miklu alvarlegri sko, mikið ... glíma nottla við neysluvanda og slíkt, vímuefnavanda.“

Fleiri dæmi var að finna um slíka umræðu en það sem hún átti sameiginlegt er að löng bið virðist vera eftir úrvinnslu mála, og vildu þátttakendur meina að sú bið væri orðin töluvert lengri en hún áður var. Annað sem nefnt var og kemur inn á þann hluta er snýr að manneklu stofnana var að mikil skriffinnsla væri í kringum mál af slíkum toga og formið umfangsmikið sem fara þyrfti í gegnum áður en lausn myndist.

- **Sjálfstæði einstaklingsins**

Umræða um fátækt og fjárhagsaðstoð endaði nær alltaf í umræðu um sjálfstæði einstaklingsins. Bent var á að huga þyrfti að grunninum og heildarmyndinni fremur en vinna

að því að koma til móts við einstaklinginn þegar upp á vantar, þó ekki hafi verið beinlínis talað á móti því:

„Að fólk geti lifað af laununum sínum, og geta sjálft veitt börnunum sínum það að vera í fótbolta. Eða sjálft veitt börnunum sínum það að vera í hérna hvað heitir þetta sundfélaginu eða að æfa sund eða hvað annað. Af sínu, að það sé, í því hlýtur sjálfsvirðingin og sjálfstraustið að felast – að þú getir þetta.“

Það þótti liggja í augum uppi að ef fólk gæti séð um sín mál sjálft, næði endum saman án sérstakrar aðstoðar hjálparstofnana eða félagsþjónustu myndi það efla sjálftraust og auka vellíðan viðkomandi. Mikið var spáð í áhrif þess að ná ekki endum saman upp á sitt eigið sjálfðæmi og voru áhrif á hugsunarhátt ofarlega í umræðunni, hvort sem það voru áhrif á börn eða fullorðna:

„...að gera fólk sjálfstæðara með að hérna geta lifað af sínum launum sko. Svo sér maður bara eftir nokkur ár að þessi börn sem að alast upp hjá þessum fjölskyldum, þú veist hvernig einstaklingar verða þau, þú veist hugsunarhátturinn og þú veist þannig þetta verður bara endurtekning ef við förum ekki að stoppa þetta því þetta viðhelst bara og verður stærri hópur, alltaf miklu stærri og stærri hópur.“

„...og þú sem einstaklingur þú getur gert kröfu á stofnun og ég á rétt á þessu og hinu og þú vilt alltaf fá flottustu útfærsluna. Ef þú hefðir hins vegar úr einhverjum fjármunum að spila þá myndir þú skoða þá upphæð og reyna að finna bestu leiðina til þess að leysa þín mál.“

- **Langtímamarkmið í skammtímamarkmiða**

Þegar umræðan barst að frekari tillögum til úrbóta þótti þátttakendum mikilvægt að lausnir væru hugsaðar út frá langtímamarkmiðum fremur en skammtímamarkmiðum. Ýmsar lausnir voru taldar útfærðar út frá skammtímahugsun og til þess gerðar að „stoppa í“ kerfið. Þegar uppi væri staðið kostaði það meira en langtímaaðgerðin:

„Já alla vegana ef við tölum um það að bæta kerfið þá erum við náttúrulega að bregðast við svona bráðavanda eða því sem kemur upp á en, en það breytist ekkert ef grunnurinn er ekki betri eða sem sagt vandamálin halda bara áfram að koma, hrannast upp ef hérna ... fólk bara ræður ekki við lífsbaráttuna...“

Eins var kallað eftir frekari fyrirbyggjandi aðgerðum, svo sem forvörnum, að aðgangur að þjónustu væri mögulegur áður en vandinn verður orðinn mikill og að gripið væri inn í áður en skaðinn væri skeður:

„Oft virðast svona þessi úrræði sem hafa komið til verið einmitt svona skammtímaúrlausnir og hafa dugað skammt ... sem hefur komið. En það er kannski oft þessar fyrirbyggjandi aðgerðir sem að manni finnst vanta inn í fyrir bara allan hóp barna – að það sé gripið fyrir inn í.“

- **Bóta- og styrkjakerfið**

Þátttakendur töldu bóta- og styrkjakerfið ekki hafa fylgt þróun annarra kerfa sem veldur því að fólk neyðist til að skoða hvort það borgaði sig að vinna. Upplifun þátttakenda

var að fólk ætti erfitt með að komast af bótum og á vinnumarkað þar sem flestar bætur skerðast leið og tekjur hækka:

„Að ef þú ert á atvinnuleysisbótum þá geturðu fengið óskertar barnabætur – þær byrja að skerðast svo fljótt, þetta er svo hálfvitallegt. Þetta er ekkert barnvænlegt og sko líka þetta eru svo röng skilaboð þetta bara, þetta gengur ekki upp.“

Þessi þróun var talin sjást hjá annarri kynslóð einstaklinga á bótum þar sem sá hugsunarháttur var ríkjandi að best væri að vera á bótum:

„En mér finnst ég aðeins hafa tekið eftir því að það svona er önnur kynslóð af ungu fólki sem að foreldrar hafa alltaf verið á bótum og þau eru líka á bótum og eru ekkert á leiðinni að fara að vinna og hafa jafnvel ekki kynnst vinnu. Mér finnst þetta vera eitthvað nýtt hérna á Íslandi.“

Önnur fyrirferðarmikil umræða um bætur sneri að feðrum og feðraorlofi. Upplifun þeirra þátttakenda sem koma að ung- og smábarnavernd var að feður tækju í miklu minna mæli fæðingarorlof í dag en fyrir nokkrum árum. Tvær ástæður voru nefndar fyrir þessari þróun, annars vegar að feður og fjölskyldur hefðu ekki efni á því þar sem fæðingarorlofið er með hámarksþaki sem er ekki í takt við tekjur feðra í öllum tilvikum og hins vegar að harkan á vinnumarkaði sé orðin slík að feður og foreldrar telji sig ekki geta tekið sér þennan tíma í orlof.

- **Samvinna milli kerfa**

Kerfin sem vinna með börnum á einn eða annan hátt þóttu á heildina litið ekki hafa nægilega góða samvinnu sín á milli þegar uppi koma vandamál. Helst gæti samvinna við barnaverndarnefnd verið betri þar sem þátttakendum fannst oft erfitt að geta ekki fengið upplýsingar um stöðu mála sem til dæmis hófust með tilkynningu frá skólanum eða heilsugæslunni:

„Þetta kemur oft til tals; já nú vantar okkur að vita. Því við fáum heldur ekki neitt feedback endilega frá barnavernd sko hvar er málið stadd og stöndum við svolítið á tánum – erum við að sleppa af okkur málinu eða erum við að halda í það eða hvað og svona barnsins vegna þá að sleppa því ekki í þessa óvissu sko.“

Þagnarskyldan og barnaverndarlögin þóttu standa hvað mest í vegi fyrir betri samvinnu kerfanna:

„...þessi mikla þagnarskylda og leynd oft yfir því, barnaverndinni, sem er okkur til trafala. Mér finnst náttúrulega að við sem erum að vinna með velferð barna og annað eigum náttúrulega að skrifa bara undir og við erum náttúrulega að vinna með þessar upplýsingar í trúnaði líka. Það er ekkert flókið kannski að fá bara upplýst samþykki frá foreldrum til þess að mega vera í samskiptum við – við þessa aðila, það myndi bara vinnast miklu betur í staðinn fyrir að vera alltaf með þú veist, að tala í kringum hlutina.“

- **Stuðningur í skólum**

Fram kom að breyttur stuðningur í skólum væri farinn að hafa áhrif á velferð barna. Breyting hefði orðið á stuðningi hjá flestum skólum landsins en misjafnt væri þó hvað



breytingin feldi í sér. Í sumum skólum höfðu stöðugildi stuðningsfulltrúa verið skorin niður á meðan aðrir skólar höfðu brugðist við með því að stækka bekkina og hópa barna.

„...stuðningsfulltrúum fækkaði – skólinn var með stuðningsfulltrúa sem studdu þá krakka sem þurftu svona einhvern stuðningsaðila en voru kannski ekki með neina greiningu, áttu ekki rétt á því beinlínis sko og það er svona eins og einhver nefndi svona fitan sem var skorin af, og það hérna ... Það eru stuðningsfulltrúarnir, þeim hefur stórfækkað í skólanum.“

„...ég heyri það mjög á foreldrum og börnum að það eru erfiðari aðstæður í skólum fyrir börn vegna þess, kannski vegna þess að stuðningur er að minnka eða hópar að stækka.“

Annað sem kom fram í umræðunni varðandi stuðning í skólum var tengt greiningum barna og ráðgjöf. Nefnt var að nóg væri af ráðum og þótt biðin væri löng í greiningu er það úrræði enn til staðar, en til móts við ráðgjöf og greiningar vantaði starfsfólk til að framfylgja þeim og eins úrræði til að greiningar nýtist innan skólans:

„Og að sko greining ein og sér hún gerir í sjálfum sér ekkert neitt svakalega stórt, það vantar þá úrræði til að vinna eftir greininguna.“

#### ▪ **Aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu**

Kallað var eftir betra aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu. Þátttakendur töldu að sálfélagslegur vandi hefði aukist til muna eftir kreppuna og að framboð slíkrar þjónustu annaði ekki eftirspurninni:

„...þessi sálfélagslegi vandi er að aukast mjög mikið og ásóknin til sálfræðinganna á X sem er frí þjónusta er að aukast mjög mikið. Og ég veit að álagið á sálfræðingana á skólaskrifstofunni hefur verið að aukast mjög mikið líka.“

Sú þjónusta sem er í boði er annaðhvort of dýr eða langir biðlistar hafa myndast. Þátttakendur sögðu að á þeim heilsugæslustöðvum þar sem nú væru komnir sálfræðingar væru þeir umsetnir og að álagið á þeim væri gríðarlegt. Þátttakendur vildu þó koma því á framfæri að mikil ánægja væri með slíka þjónustu og að starfsmenn væru að gera mjög góða hluti þrátt fyrir mikið álag:

„A: Mér finnst foreldrar rosalega ánægðir með þessa þjónustu [sálfræðingur á heilsugæslustöð] bæði að hún sé frí og svo er þetta bara góð þjónusta.“

„B: Mér finnst þetta flott þjónusta. Hún er barnasálfræðingur og fær, og bara hjálpað þvílíkt. Það finnum við alveg sko.“

Þeir sem ekki eru svo heppnir að hafa sálfræðing á sinni hverfisheilsugæslu þurfa að bera þann kostnað sjálfir hjá sálfræðingi á einkastofu og töldu þátttakendur að margir hverjir sem þurfa slíka aðstoð hefðu ekki efni á því:

„A: Í sambandi við að hjálpa fjölskyldu sem eru, öll úrræði fyrir utan félagsþjónustu eru svo dýr – það er þarna aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu [dæmi um þema 2 í sp. 3]. Mér finnst að það þurfi að leggja dálitla áherslu á það. Fjölskyldur sem eru að lenda í kreppu, foreldrar, að það sé auðveldara aðgengi því að við erum þarna í þessu máli líka að tala



um eins og fjölskyldur sem eru í erfiðleikum að það kostar 10.000 krónur viðtalið og upp í 11.000.

„B: Hjá sálfræðingi?

„C: Já. Og fólk sem er með útborgað 150.000 krónur á mánuði það er ekki að leita sér hjálpar.“

### 2.1.2 „Týndir“ hópar, meðal annars vegna úrræðaleysis

Rætt var um tiltekna hópa í samfélaginu sem stæðu hvað verst eftir efnahagshrunið, meðal annars þegar kemur að úrræðum, þ.e ungt fólk 18–24 ára, innflytjendur, ungt fólk í neyslu og hópar sem eru á mörkunum, bæði fjárhagslega og gagnvart aðgengi barna og fjölskyldna að annars stigs þjónustu.

Dæmi um umræður sem falla undir þemað „týndir“ hópar, meðal annars vegna úrræðaleysis:

- **Ungt fólk eldra en 18 ára**
- **Ungt fólk í neyslu**
- **Innflytjendur**
- **Hópar sem eru á mörkunum, bæði fjárhagslega og gagnvart aðgengi barna og fjölskyldna að annars stigs þjónustu**

Nánar verður farið yfir hvert dæmi fyrir sig hér á eftir.

#### • **Ungt fólk eldra en 18 ára**

Einn hópur skar sig úr í umræðunni um áhrif kreppunnar, þ.e. ungt fólk eldra en 18 ára. Þótt þessi hópur fólks teljist ekki til barna samkvæmt lögum vildu margir þátttakendur ræða stöðu þessa hóps – sér í lagi fólk frá heilsugæslu og barnaverndarnefndum þar sem grunnskólar vinna ekki með þessum hópi. Samkvæmt skilgreiningu yfirvalda var þessi hópur fólks börn þegar kreppan skall á haustið 2008. Þessi hópur þótti hafa týnst eða dottið upp fyrir í kerfinu. Áhersla var strax lögð á börn á skólaaldri þegar kreppan skall á og ráðstafanir gerðar til að vernda þau sem best:

„Ég tek kannski eftir hérna, meira heldur en þær sko, sko einum hópi sem að finnst mér hafa svolítið dottið upp fyrir og það eru krakkar sem eru orðnir 18 ára. Og koma kannski frá veikum fjölskyldum þar sem að hefur verið haft lítið utanumhald um þau og þau einhvern veginn svona dottið upp fyrir greyin.“

Hér var einmitt átt við þann hóp sem könnunin átti að ná til, þeirra barna sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu. Þessi hópur 18 ára og eldri sem átti erfitt sem börn hefur einhvern veginn ekki náð að festa sig í skólakerfinu, hefur hætt í framhaldsskóla án þess að ljúka honum og þegar atvinnumarkaðurinn er líkt og hann hefur verið eftir kreppu á þetta unga fólk lítið til að snúa að:

„...eldri unglingar eru að koma meir og meira, það er að segja við erum að pikka upp núna, ekki bara ég heldur sem sagt sálarnir líka, pikka upp unglinga sem hafa einhvern veginn týnst í kerfinu. Það er að gerast æ oftar, það er ekki margir en það er að aukast greinilega að unglingar sem áttu ekki séns í skólakerfinu og eru komnir út á slæma braut við erum alltaf að sjá meira af þeim sko.“

- **Ungt fólk í neyslu**

Tilfinning þátttakenda var að aldur fólks í neyslu hefði hækkað. Þessa upplifun styðja kannanir enn frekar:

„En aðeins að nefna héra, það sem X nefndi í sambandi við neyslu. Ég var bara að fá í hendurnar fyrir minn skóla niðurstöður héra rannsóknar og greiningar á neyslu í sambandi við áfengi og tóbak og fíkniefni og því um líkt. Þetta er búið að gera á hverju ári í sennilega á annan áratug. Og það er sama með allt, það er allt sko, línuritið er alltaf að lækka. Og það sem við sáum 25% nemenda í 10. bekk sem reyktu daglega þetta er komið í kannski 3%, 2% og 0.“

Umræður um ungt fólk í neyslu beindust því aðallega að tveimur hópum, ungu fólki 16–24 ára og ungum barnafjölskyldum:

„...við erum að fá miklu fleiri tilkynningar um mæður eða feður í neyslu og í fangelsum og fleiri þannig þetta er að stigmagnast. Það er alla vegana tilfinningin.“

Þótti þátttakendum hendur þeirra verulega bundnar þegar kom að úrræðum fyrir þessa hópa og lítið sem hægt væri að gera. Fyrir þá sem ekki hafa náð 18. aldursári er lítið um úrræði, en þau hafa til að mynda ekki náð þeim aldri sem þarf til að komast í áfengis- og vímuefnaeðferð hjá SÁÁ og á BUGL er ekki unnið með vímuefnavanda. Ungar mæður sem koma í mæðravernd fá góða eftirfylgd meðan á meðgöngu stendur en eftir fæðingu er ekki eins skýrt úrræði að finna. Erfitt getur til dæmis verið að fylgjast með hvort mæður „falli“.

- **Innflytjendur**

Staða innflytjenda á Íslandi var áhyggjuefni hópanna. Helsti vandi barna innflytjenda þótti felast í tungumálaerfiðleikum þeirra sem og þeirri aðstoð sem foreldra þeirra vanhagar um. Þessi hópur fólks var talinn týndur í samfélagi okkar:

„Nei bara að við séum vakandi fyrir því að það að við vitum ekki um hóp innflytjenda, vitum ekki hvernig honum líður, vitum ekki hvernig t.d., ja ég hef ekki heyrt neitt fjallað um t.d. áhrif héra eldgossins eða jarðskjálftanna á þann hóp sérstaklega. Hvernig tungumálaerfiðleikar hafa haft áhrif eða annað þess háttar. Þannig að já ég held að við séum svolítið að týna fólki.“

Þátttakendur höfðu áhyggjur af börnum innflytjenda þar sem tungumálaerfiðleikar þeirra gætu ollið þeim töluverðum erfiðleikum síðar meir í lífinu:

„Já en svo líða börnin fyrir þetta því þau komast ekkert almennilega inn í tungumálið, það verður engin sem hvetur þau í sjálfu sér sko til nokkurs sko, sko að mennta sig eitthvað meira.“

Þátttakendur töldu sig sjá töluvert að því að innflytjendur sem hefðu búið á landinu í yfir fimm ár væru ekki farnir að tala málið og þyrftu oft og tíðum túlk sér til halds og traust þegar kom að samskiptum við stofnanir.

- **Hópar sem eru á mörkunum, bæði fjárhagslega og gagnvart aðgengi barna og fjölskyldna að annars stigs þjónustu**

Sem dæmi um þessa hópa barna var tvennt sem kom fram: Börn sem ná ekki greiningarviðmiðum og fjölskyldur sem ná ekki þeim viðmiðum sem sett eru fyrir fjárhagsaðstoð. Niðurskurður sem hefur átt sér stað hefur komið hvað mest niður á þeim börnum eiga í vanda en ná ekki greiningarviðmiðum samkvæmt þátttakendum. Þetta veldur því að þau úrræði sem hafa gagnast þessum hópi barna voru skorin niður, til að mynda stuðningsfulltrúar líkt og kom fram hér að framan.

Viðmið fyrir fjárhagsaðstoð eru töluvert lág, en rétt eins og bent var á af þátttakendum er slík aðstoð hugsuð sem neyðaraðstoð. Þetta veldur þó því að sá hópur sem uppfyllir ekki þau viðmið sem félagsþjónusta setur fyrir aðstoð hefur ekkert að leita í:

„Svo náttúrulega félagsþjónustan getur ekki veitt nema þeim sem að annaðhvort þarf barnaverndarafskipti eða sem eru undir fjárhagstakmörkum – það eru hinir sem eru lafandi á þessum mörkum og rétt upp fyrir þau bara þurfa einhvern veginn að aðlaga sig þessu að geta ekki gert hlutina og bara.“

### **2.1.3 Verri andleg líðan og hegðun**

Undir þriðja og síðasta þemað flokkast andleg líðan barna og alvarleg hegðun þeirra sem ekki fellur undir vímuefnanotkun. Einnig flokkast hér umræða um líðan foreldra þegar sérstök hættu er á áhrifum á börn þeirra.

Dæmi um umræður sem falla undir þemað verri andleg líðan og hegðun:

- **Andleg líðan og hegðun barna**
- **Andleg líðan og hegðun fullorðinna**

Nánar verður farið yfir hvort dæmi fyrir sig hér á eftir.

- **Andleg líðan og hegðun barna**

Umræður þátttakenda sem sneru beint að andlegri líðan barna komu helst fram í kalli eftir sálfélagslegu úrræði líkt og reifað var hér að framan. Þó voru umræður með beinum og óbeinum hætti um verri andlega líðan barna. Eitt af því sem kom fram var hugtakið *lært áhugaleysi*:

„...þetta sem að Finnar upplifðu eftir kreppuna hjá sér það er þetta lærða áhugaleysi – þú skilur „ég er ekki svangur, ég þarf ekki að borða, ég vil ekki fara í íþróttir“ af því þau vita að það er ekki til peningar – þá bara lækka þau - þetta lærða áhugaleysi. Mér finnst ég, að ég geti alla vegana fyrir mig persónulega, ég sé þetta allt saman, og, og maður hefur miklar áhyggjur af þessu.“

Annað sem fram kom voru áhyggjur þátttakenda af fíkn annarri en vímuefnum, til að mynda tölvum. Þótti þátttakendum þetta vera falinn vandi sem væri mun alvarlegri en fólk gerði sér grein fyrir. Börn þóttu frekar vera á eigin vegum og yngri börn en áður hefur verið. Talað var um að börn væru orðin meira sjálfala og að allt niður í annan bekk áttu einhver þeirra að sjá um að vakna og koma sér í skólann án aðstoðar fullorðinna. Töldu þátttakendur, sér í lagi þeir sem koma að skólustarfi, sig sjá þetta koma niður á mætingu ungra barna. Varðandi mætingu barna í skóla var annað umræðuefni sem kom upp, en það á við eldri börn:

„Það er einn hérna, einn svona þáttur sem að hefur svolítið verið að stinga sig niður hjá okkur og við rætt um og það eru nemendur sem ekki mæta í skóla, það er að segja þrátt fyrir ítrekaðar og ... umræður, fundi, aðstoð, hjálp heim og því um líkt, það fer vaxandi. Börn og fjölskyldur sem ná alls ekki að höndla mætingu.“

„...nýtt einkenni í tilkynningum í barnaverndarmálum þá eru það unglingar sem að bara hreinlega sko mæta ekki í skólann, eins og það er langur ferill, þá er ég ekki að tala um slaka mætingu það er þannig að þau mæta ekki dögum og vikum saman sko.“

Talið var að þegar slík vandamál kæmu upp væri vandinn orðinn það mikill að inngripið þyrfti að vera mjög öflugt til að koma að gagni. Ítrekað var að grípa þyrfti fyrr inn í hjá börnum, áður en vandinn væri orðinn alvarlegur.

- **Andleg líðan og hegðun fullorðinna**

Helst var fjallað um langvarandi atvinnuleysi foreldra, pressu á vinnumarkaði og vonleysi í umræðu um líðan og hegðun foreldra sem hafði sérstök áhrif á börnin. Langvarandi atvinnuleysi þykir hafa slæm áhrif á börnin, meira rót verður á daglegum venjum og það sem þótti jákvætt fyrst snerist upp í andhverfu sína:

„A: Það er nú einn góður punktur í þessu sko og að það góður sko að foreldrar sem eru atvinnulausir þeir eru heima með börnunum, öllu jöfnu.“

B: Það var fyrst eftir hrunið en svo er fólk líka að tala um að þegar fer að líða á ef þetta er viðvarandi getur það leitt í þunglyndi. Það eru allir heima en fólk er ekkert að gera, er ekkert að fara, fólk fer ekkert út með börnin, þú veist það bara horfir í.“

Í samhengi við þetta var talað um meiri doða og sinnuleysi hjá foreldrum. Þráðurinn væri styttri og að starfsmenn skóla fyndu sérstaklega fyrir því. Samskipti við foreldra voru oft og tíðum erfiðari þennan veturinn heldur en sá fyrri. Foreldrar virtust vera undir meiri pressu bæði fjárhagslega sem og á vinnumarkaði. Það að vera á atvinnuleysisbótum eða að þiggja aðra fjárhagslega aðstoð virtist ekki vera eins mikið feimnismál líkt og áður fyrr. Þetta er jákvæð þróun að vissu leyti en þátttakendur vildu meina að það neikvæða væri að þegar fólk stæði frammi fyrir því að hafa það verra á vinnumarkaðnum heldur en á bótum valdi það að vera á bótum. Það hefur svo aftur á móti ákveðin „dómínó-áhrif“ sem þátttakendum þótti gleymast:

„...sjálfsvirðingin á að vera fólgin í því að þú sért að vinna en þegar þú stendur frammi fyrir því að bjarga þér og lifa af hvern mánuð og þú þarft að horfa á það, þess vegna velurðu frekar að vera bara atvinnulaus eða á atvinnuleysisbótum heldur en að vinna af því að þannig lifirðu af. Að það er náttúrulega búið að snúa hlutunum ofboðslega mikið við.“

„A: Nei en það vantar umræðuna um sko stofnanarafleiðingar langvarandi atvinnuleysis. Það er betra fyrir fólk að vinna fyrir laununum heldur en að ... það er bara ... jájá.“

B: Ég veit alveg hvað þú, ég er hjartanlega sammála þér. En fólk fer að hugsa um bara hvernig get ég haft það betra, eða ... peningalega sko.

A: Peningalega já, kannski vantar hugarfarsbreytingu í þjóðfélaginu.“

## 2.2 Munur á umræðu hópanna þriggja

Það var ekki mikill munur milli hópa hvað umræðuna varðar. Það sem helst kom fram var betri staða barna samkvæmt þátttakendum af Suðurlandi og úr Grafarvogi heldur en hjá þeim frá Hafnarfirði. Þátttakendum á Suðurlandi þótti vel hafa verið brugðist við strax eftir hrun og að ekki hafi verið eins mikið skorið niður hjá stofnunum sveitarfélaga og gert var hjá ríkisstofnunum í landshlutanum. Eins nefndu þeir að fleiri áföll hefðu átt sér stað á síðustu árum og því erfitt að rekja líðan barna til efnahagshrunsins eins og sér. Náttúruhamfarir síðustu ára virtust hafa haft meiri áhrif á líðan barna. Í Grafarvogi hefur verið starfandi meðferðarteymi fyrir börn með geðraskanir frá árinu 2005 sem þau telja að hafi hjálpað gríðarlega eftir hrunið.

Ýmis námskeið eru í boði fyrir foreldra og börn. Misjafnt er milli svæða þegar kemur að því hvaða námskeið eru í boði. Á Suðurlandi er boðið upp á Agression replacement therapy (ART) en í Hafnarfirði er boðið upp á PMT-foreldrafærni námskeið sem stendur fyrir Parent management training. Ekki kom fram hjá þátttakendum úr Grafarvogi hvort slík námskeið væru í boði þar. Mikil ánægja var með þessi námskeið í Hafnarfirði og á Suðurlandi.

Varðandi stuðning í skólum kom fram að munur virtist vera á hvernig þátttakendur mismunandi svæða sæju hann og hans áhrif. Á Suðurlandi virtist minna hafa verið skorið niður hjá stuðningsfulltrúum en hópar höfðu frekar verið stækkaðir meðan á höfuðborgarsvæðinu virtist stuðningsfulltrúum hafa fækkað það mikið að talið var að það kæmi niður á börnunum. Skólahjúkrunarfræðingar virtust aftur á móti minna hafa getað sinnt verkefnum sínum í skólum á Suðurlandi þar sem heilsugæslustöðvarnar væru í forgangi ef mannekla kæmi upp, til dæmis þegar skólahjúkrunarfræðingur er í 20% stöðu hjá skóla en 80% á heilsugæslustöð er þetta leið sem heilsugæslustöðin nýtir sér þegar upp kemur mannekla. Á höfuðborgarsvæðinu lýstu þátttakendur því sem svo að nemendur hefðu greiðan aðgang að skólahjúkrunarfræðingum og námsráðgjöfum sem þeir nýttu sér í meira mæli nú en áður, en á Suðurlandi hafði skólahjúkrunarfræðingur ekki getað verið við á sínum föstu tímum í skólunum og börn kvartað undan því. Einn þátttakandi benti þó réttilega á að erfitt er að bera saman stuðning í skólum þar sem hann getur verið í ýmsum myndum.

Aðeins einn hópur nefndi áhrif niðurskurðar annarra stofnana en þeirra sem áttu fulltrúa í rýnihópi. Þátttakendur af Suðurlandi töluðu um niðurskurð í löggæslu og neikvæð áhrif þess á tilkynningar til barnaverndar. Fyrir efnahagshrunið bærust mun fleiri tilkynningar frá lögreglu til barnaverndarnefndar samkvæmt þátttakendum og var þá ekki einungis átt við tilkynningar sem urðu að barnaverndarmálum. Þetta þótti þátttakendum miður þar sem þetta hafði auðveldað þeim að fylgjast með stöðu barna almennt í landshlutanum, til að mynda hópamyndunum.

Að lokum var ákveðinn munur á umræðum hópanna um samvinnu kerfanna. Allir þátttakendur töldu hana mikilvæga líkt og fram kemur í dæmum um þemað breytt þjónusta opinberra aðila hér að framan, en í misgóðum farvegi. Þátttakendur af Suðurlandi töluðu um að samvinna milli skóla og barnaverndarnefnda væri í ákveðnum farvegi sem þykir ásættanlegur en merkt var að heilsugæslan væri síður þar inni í. Sama var rætt varðandi samvinnu heilsugæslu við hin kerfin í Hafnarfirði – slíkri samvinnu þótti ábótavant. Þátttakendur úr Grafarvogi sögðu samvinnu heilsugæslu og skóla í ágætum farvegi með tilkomu meðferðarteymisins en aftur á móti voru báðir hóparnir frá höfuðborgarsvæðinu á sama máli um samvinnu við barnverndarnefnd – hún þótti ekki nægjanlega mikil.

## 2.3 Samanburður niðurstaðna: Könnun vorið 2011 og rýnihópar 2012

Fjöl margar upplýsingar fást með rýnihópum. Það er þó mikilvægt að hafa í huga að þær hafa ekkert alhæfingargildi, ekki er hægt að yfirfæra niðurstöður umræðu rýnihópa yfir á neina fleiri en þá þátttakendur sem taka þátt í hópunum þar sem leitast var eftir viðhorfi og upplifun þátttakenda á tilteknum málefnum líkt og fram kom í lýsingu á aðferð hér að framan. Það sem þó er hægt að segja er að slíkar niðurstöður gefa vísbendingu um málefnið og vísbendingu um hvort fyrirbyggjandi niðurstöður endurspegli stöðu þeirra sem reynt hefur verið að ná til. Niðurstöður rýnihópa þessa hluta rannsóknar velferðarvaktarinnar á velferð barna í erfiðri stöðu gáfu vísbendingu um það að könnun frá vorinu 2011 endurspegladi stöðuna eins og hún í raun og veru er.

Í fyrsta lagi töldu þátttakendur frá Suðurlandi stöðu þessa hóps barna vera betri en þátttakendur úr Hafnarfirði. Það endurspegladi þær tölur sem farið var yfir í inngangi skýrslunnar. Þó ber að geta þess að þátttakendum úr Grafarvogi annars vegar og þátttakendum frá Hafnarfirði hins vegar bar ekki saman um stöðuna, þátttakendur frá Hafnarfirði upplifðu stöðuna verri en þátttakendur úr Grafarvogi og gefur það vísbendingu um að varlega skal farið í að túlka tölur sem gefnar eru fyrir jafn stórt svæði og höfuðborgarsvæðið.

Í öðru lagi var munur á hve hátt hlutfall stofnananna þriggja telur vandann hafa aukist hjá þessum hópi barna í könnuninni frá vorinu 2011. Sá munur kom einnig fram í umræðum rýnihópanna sem gefur vísbendingu um að tölurnar frá vorinu 2011 endurspegladi stöðuna eins og hún er. Þátttakendur töldu þó að varlega skyldi farið í að túlka þær tölur því misjafnt væri milli stofnana hve góð gögn lægju að baki svörum þeirra. Til að mynda gætu barnaverndarnefndir vísað til fjölda mála meðan það var erfiðara fyrir skóla að gera slíkt.

Í þriðja lagi voru þemu könnunarinnar frá vorinu 2011 og rýnihópanna svipuð að mörgu leyti. Þó voru nokkur þemu sem voru ný í niðurstöðum rýnihópanna eða skerpt hafði verið enn frekar á ákveðnum þemum sem fram komu upphaflega í könnuninni vorið 2011. Árið 2011 komu fram þrjú þemu þegar vandinn var skilgreindur, þ.e. aukin fátækt, skert þjónusta og verri andleg heilsa eða hegðun. Niðurstöður umræðu rýnihópanna voru einnig flokkaðar í þrjú þemu þegar vandinn var skilgreindur, sjá töflu 5:

Tafla 5: Þemu byggð á niðurstöðum könnunar vorið 2011 við spurningu 2 samanborið við þemu rýnihópa.

Könnun vor 2011	Rýnihópar sumar 2012
Aukin fátækt	Breytt þjónusta opinberra aðila
Skert þjónusta	„Týndir“ hópar, meðal annars vegna úrræðaleysis
Verri andleg heilsa og hegðun	Verri andleg líðan og hegðun

Þemun voru svipuð og voru umræður og svör um margt líkt í hverju þema. Undir þemanu breytt þjónusta opinberra aðila var að finna mörg sömu dæmin og í þemanu skert þjónusta til dæmis lengri leiðslur innan kerfisins, lengri biðlistar og úrræðaleysi hjá mörgum stofnunum. Þemað „týndir“ hópar var einnig líkt þemanu skert þjónusta að einhverju leyti frá



könnuninni vorið 2011 til dæmis hvað varðaði mál innflytjenda og úrræðaleyssi gagnvart málum barna í vímuefnaneyslu. Þemað verri andleg líðan og hegðun var æði líkt þemanu verri andleg heilsa og hegðun úr könnun vorið 2011 til dæmis vanræksla og slæm líðan foreldra sem hefur áhrif á börnin.

Það sem var ólíkt með niðurstöðunum var einna helst þau dæmi sem flokkuðust undir aukna fátækt í könnun frá vorinu 2011 til dæmis erfiðara að greiða fyrir mataráskrift eða börn hætta í mataráskrift, erfiðara að greiða fyrir tómsundur eða börn hætta í tómsundum og erfiðara að taka þátt í félagslífi sem þarf að greiða fyrir. Þátttakendur rýnihópa voru sammála um að börn væru ekki að hætta í mataráskrift og jafnvel hefði börnum fjölgað, þá sérstaklega yngri börnunum. Eins kom fram varðandi mataráskriftina að ekki væri gengið hart á eftir vanskilum foreldra vegna mataráskrifta og að börn væru ekki látin hætta í mat líkt og tíðkaðist áður fyrr ef áskriftin væri komin í vanskil. Þó fannst þátttakendum þau taka eftir áhrifum efnahagshrunsins á íþróttaiðkun að einhverju leyti – þó það væri misjafnt milli svæða. Þátttakendur úr Grafarvogi sögðust lítið verða varir við breytingu þar, þátttakendur frá Hafnarfirði töluðu um breytingu og þá sérstaklega þegar kom að ferðalögum tengdum íþróttum og sömu sögu var að segja hjá þátttakendum frá Suðurlandi – börn æfðu íþróttir líkt og áður en ef þau hættu var það ekki vegna gjalda við að iðka íþróttina reglulega heldur vegna þess að annar kostnaður kringum hana var orðinn svo mikill, svo sem fatnaður, keppnisferðir og annað slíkt. Vissulega var umræða um aukna fátækt og að fólk ætti orðið erfiðara með að lifa af sínum tekjum en sú umræða snerist ekki að því að auka þyrfti fjárhagsaðstoð eða hafa mat í skólum gjaldfrjálsan, heldur um sjálfstæði einstaklingsins. Umræður rýnihópanna þriggja leiddust yfir í slíka umræðu og nefndu margir þátttakendur það beinlínis að slíkar aðgerðir líkt og fjallað er um í könnun frá vorinu 2011 myndu ekki skila þeim langtímaárangri sem þyrfti.

Þemu sem sneru að tillögum til úrbóta í könnuninni vorið 2011 voru tvö, annars vegar að draga úr fátækt og hins vegar að standa vörð um þjónustu og hugmyndir til að bæta andlega heilsu og hegðun. Í niðurstöðum rýnihópa var slíkum tillögum ekki gerð ákveðin skil þar sem þemun í umræðunum endurspeglast í þeirri umræðu sem hafa verið flokkuð í þemu hér að framan. Talið var mikilvægt að ræða við notendur, þá sem eiga erfitt og eiga erfiðara nú eftir efnahagshrunið. Einnig var nefnt að leita til þeirra sem höfðu áður gengið í gegnum slíkt hrun, til að mynda Finna. Annað sem kom fram varðandi tillögur að úrbótum var mikið það sama og féll undir þemað að standa vörð um þjónustu og hugmyndir til að bæta andlega heilsu og hegðun í könnun frá vorinu 2011. Fjallað var um að efla þyrfti aðgengi að sál- og geðheilbrigðisþjónustu, auka aðstoð inn í skólana, auka samvinnu milli kerfanna, efla úrræði vegna neyslu vímuefna og standa vörð um úrræðin sem eru í boði og fjölga þeim. Það sem var ekki hægt að líkja saman varðandi niðurstöðurnar voru þær tillögur sem komu fram í könnuninni vorið 2011 og sneru að því að draga úr fátækt. Þar voru tekin sem dæmi um svör sem flokkuðust undir þemað að hafa ókeypis mat í grunnskólum, ókeypis frístundir og að auka fjárhagsaðstoð vegna barna. Þátttakendur rýnihópa voru sammála því að slíkar aðgerðir væru af hinu góða en í raun ekki það sem þyrfti eins og staðan væri í dag. Þetta væru almennar aðgerðir sem ekki þyrfti að fara út í til að aðstoða lítinn hóp barna. Þörf væri fremur á sértækum aðgerðum fyrir þann hóp og efla aðra hluti sem myndu nýtast enn stærri hópi barna, þ.e að fara út í almennar aðgerðir sem myndu hjálpa meira almennt. Sem dæmi um það nefndi einn þátttakandi að hann kysi frekar að auka við stöðugildi kennara í skólanum fremur en að hafa matinn ókeypis. Einnig var nefnt að huga þyrfti að frekari úrræðum í sál- og geðheilbrigðisþjónustu þar sem hún væri einfaldlega of dýr og óaðgengileg eins og staðan væri í dag.

## 2.4 Opín viðtöl – dýpkun á niðurstöðum

Tekin voru viðtöl við fulltrúa frá þremur samtökum eða félögum sem vinna með afmörkuðum hópum í samfélaginu.

- **Samtök kvenna af erlendum uppruna**
- **Hjálparstarf kirkjunnar**
- **Félag einstæðra foreldra**

Helstu punktar úr opnum viðtölum verða reifaðir hér á eftir. Tekin verða fyrir svör fulltrúa hverra samtaka og félaga fyrir sig.

- **Samtök kvenna af erlendum uppruna**

Formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna sagði að vandi þessa hóps væri aukinn eftir efnahagshrunið. Taldi hann vandann sérstaklega hafa aukist hjá þeim hópi sem væri á mörkunum, þ.e. þeirra sem eiga erfitt fjárhagslega en ná ekki þeim viðmiðum sem sett eru til að eiga möguleika á fjárhagslegri aðstoð frá sveitarfélagi. Aðallega væri um að ræða húsnæðisvanda og fjárhagslegan vanda. Þetta gerði þessum hópi foreldra erfiðara fyrir til dæmis að veita börnum sínum það sama og flestum íslenskum börnum er veitt. Þeir sem fluttu til Íslands fyrir tveimur til þremur árum höfðu sérstaklega lent í vanda eftir hrunið. Það sem formaðurinn nefndi einnig var menningar- og lagalegur munur og tungumálaerfiðleikar. Sagði hann að fólk af erlendum uppruna myndi skrifa að kerfið byði ekki upp á frekari aðstoð ef maður er með barn á framfæri en raun ber vitni og að oft og tíðum gæti misskilningur komið af stað stíðleika í sambandi erlendra ríkisborgara og fólks sem vinnur hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá þótti upplýsingaflæði ábótavant. Eitt umræðuefni kom þó skýrar fram en annað, en það var staða túlka á Íslandi í dag, lagalega sem og birtingarmynd þeirrar þjónustu. Sagði hann að börn hefðu jafnvel verið notuð sem túlkar fyrir foreldra sína, jafnvel í málum sem þau höfðu ekki þroska til að vera sett inn í, hvað þá að bera þær upplýsingar áfram til foreldra sinna.

Formaður Samtaka kvenna af erlendum uppruna kom með nokkrar tillögur að úrbótum fyrir þennan hóp barna:

- **Það myndi hjálpa að hafa gjaldfrjálsan mat í skólum en leysir ekki allan vanda – þyrfti heilðrænni sýn.**
- **Virkninámsskeið gagnast útlendingum ekki á sama hátt og Íslendingum – flest er kennt einungis á íslensku og oft er íslenskunámsskeið það eina sem er í boði fyrir útlendinga.**
- **Vantar ókeypis íslenskukennslu samfléttaða samfélagskennslu.**
- **Aðstoð þyrfti að vera aðgengilegri.**
- **Efla fræðslu til almennings hér á landi sem og fagfólks.**
- **Skerpa á lögum varðandi túlka.**

Hjálparstarf kirkjunnar vinnur að skýrslu varðandi stöðu fátækra og því var leitað eftir ummælum þess.

- **Hjálparstarf kirkjunnar**

Ráðgjafi hjá Hjálparstarfi kirkjunnar sagði vandann hafa aukist eftir efnahagshrunið. Hann sagði að fátækt væri orðin meiri en áður. Hann hafði sérstakar áhyggjur af þeim sem ekki hafa tengslanet kringum sig og nefndi sérstaklega konur af erlendum uppruna. Vandinn væri kannski ekki meiri hjá fólki af erlendum uppruna en lýsti sér öðruvísi en hjá íslenskum ríkisborgurum. Báðir hópar eiga erfitt með að ná endum saman en fólk af erlendum uppruna hefur síður sterkt tengslanet kringum sig hér á landi, en Íslendingum sem eiga í vanda vantar upp á fræðslu í fjármálum, matargerð, forgangsröðun og hvað er eðlilegt. Ráðgjafi sagði þetta því vera blandaðan vanda sem Hjálparstofnun kirkjunnar fengist við, annars vegar hópur með laun sem duga ekki fyrir útgjöldum og hins vegar hópur með laun sem ættu að



duga fyrir útgjöldum en þyrfti stuðning og fræðslu til að forgangsraða. Hjá þessum hópi myndu auknar tekjur einar og sér ekki breyta aðstæðum til frambúðar.

Ráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar kom með nokkrar tillögur að úrbótum fyrir þennan hóp barna:

- **Setja á fót stöðugildi aðila sem heldur utan um mál fólks og fellir þar með girðingar milli kerfa, svo sem milli barnaverndar, heilsugæslu og skóla – svokallaðan málstjóra.**
- **Auka fræðslu fyrir báða hópa sem nefndir voru að framan.**
- **Koma umræðu um þennan hóp á hærra plan.**
- **Hugsunarháttur um bótaþega þyrfti einnig að breytast – hjá þeim sjálfum sem og öðrum.**
- **Mikilvægt að hægt væri að setja kröfur á þennan hóp til móts við þeirra kröfur.**
- **Bjóða upp á fjölbreyttari úrræði.**
- **Sértækra úrræða er þörf.**
- **Mynda framtíðarsýn og áætlun fyrir þennan hóp.**
- **Hjálpa fólki upp úr „hjólforunum“.**
- **Auka sjálfstæði og keyra á styrkleikum allra.**

Að lokum vildi ráðgjafi koma þeirri ábendingu á framfæri að sterkt hefði verið að kalla til fulltrúa þriðja geirans í sérstakan rýnihóp vegna þeirra tengsla við þá sem eiga við vanda að stríða.

#### • **Félag einstæðra foreldra**

Þeir sem leita helst til Félags einstæðra foreldra eru af höfuðborgarsvæðinu, þó svo að félagið starfi fyrir landið í heild. Um 20–30% þeirra sem leita til félagsins eru af erlendum uppruna. Fram kom í viðtali við ráðgjafa Félags einstæðra foreldra að fjárhags- og félagslegur vandi hafi alltaf verið til staðar hjá ákveðnum hópi slíkra foreldra og barna. Vandinn hefði þó aukist eftir hrun eða á síðustu árum. Aðallega hafði fjárhagslegur vandi aukist, fleiri lifa við fátæktarmörk og vandinn orðin meira viðvarandi en var. Vandí sem var áður í kringum hátíðir og stórvíðburði væri nú orðinn mánaðarlegur vandi. Grunnþörfunum væri ekki fullnægt, til að mynda þörfinni fyrir húsnæði, og erfitt væri að ná endum saman sem hefur keðjuverkandi áhrif í för með sér. Þó hefði aukning þeirra sem sækja til Félags einstæðra foreldra og eiga í vanda ekki verið mikil, en þau mál sem koma inn til þeirra eru flóknari og þyngri en áður. Aukin harka á vinnumarkaði kemur sérstaklega niður á þessum hópi foreldra, og þá sér í lagi þeirra sem hafa síður tengslanet í kringum sig og barnið sitt. Ráðgjafi sagði Félag einstæðra foreldra finna fyrir þörf á frekari úrræðum og nefndi að á síðasta ári hefði eitt úrræði sem félagið hafði á sínum vegum lagst út af vegna peningaskorts. Líkt og nefnt var hér að framan hefur það ákveðin „dómínó-áhrif“ þegar grunnþörfum er ekki fullnægt og fann ráðgjafi FEF fyrir því að andleg vanlíðan hefði aukist, til dæmis kvíði, öryggisleysi og lágt sjálfsmat. Einnig nefndi hann aukna einangrun þessa hóps.

Ráðgjafinn taldi mikilvægt að byrja á að byggja upp grunninn, mæta grunnþörfum fólks. Nefndi hann að kerfið væri of letjandi og tók dæmi því til stuðnings um ungar konur sem fara á endurhæfingarlífeyri og festast í kjölfarið á örorku þar sem þær sjái sér ekki fært að fara á vinnumarkaðinn og lifa af þeim tekjum sem eru í boði. Einnig hefur skapast vandi kringum forsjá með börnum og bætur sem því fylgja. Í dag skiptist sameiginleg forsjá milli foreldra yfirleitt í viku og viku en bætur geta aðeins fylgt lögheimili barnsins. Bótakerfið virðist ekki viðbúið þessari þróun, þ.e. að feður spili jafn stórt hlutverk og mæður í sameiginlegri forsjá.

Ráðgjafi Félags einstæðra foreldra kom með nokkrar tillögur að úrbótum fyrir þennan hóp barna:

- **Að öll börn fái gjaldfrjálsan skólamat að minnsta kosti þrisvar sinnum í viku.**
- **Bætt tannlæknþjónusta.**
- **Aukin sálfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum.**
- **Samtök eins og Félag einstæðra foreldra hafi neyðarúrræði, til dæmis húsnæði.**
- **Jöfnuð milli foreldra með sameiginlegt forræði.**
- **Virkja ungu kynslóðina meira.**
- **Auka hvatningu og hjálpa fólki af bótum.**
- 

#### ***2.4.1 Samantekt opinna viðtala.***

Tekin voru þrjú viðtöl þegar öllum þremur rýnihópunum var lokið. Viðtöl voru tekin við fulltrúa frá Félagi einstæðra foreldra, Samtökum kvenna af erlendum uppruna og Hjálparstarfi kirkjunnar. Allir þrír aðilarnir töldu þann hóp sem þeir helst sinna eiga í auknum vanda nú eftir hrun. Vandinn virtist aðallega vera af fjárhagslegum og félagslegum toga. Styður þetta enn frekar við niðurstöður könnunar frá vorinu 2011. Kallað var eftir heildrænni sýn á málefnum þeirra efnaminni sem og aukinni fræðslu af ýmsum toga.

## Lokaorð

---

Niðurstöður þessarar framhaldsrannsóknar á könnun frá vorinu 2011 gefa vísbendingar um að sú könnun gefi nokkuð réttmæta sýn á stöðu þeirra barna sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu. Sú staða virðist hafa versnað líkt og svör könnunar frá vorinu 2011 gefa til kynna. Með þessari framhaldsrannsókn hefur verið hægt að dýpka þær niðurstöður enn frekar. Samkvæmt þátttakendum rýnihópa er misjafnt hvort vandi þessa hóps barna hafi aukist eftir kreppuna með tilliti til búsetu, til að mynda telja þátttakendur frá Hafnarfirði vandann vera meiri en þátttakendur frá Suðurlandi. Í þessum kafla verður fjallað um eftirfarandi:

- **Helstu niðurstöður og settar fram vangaveltur um málefnið byggðar á þeim niðurstöðum er liggja fyrir.**
- **Tengsl niðurstaðna við tölfræðilegar úttektir, svo sem Félagsvísa og skýrslur sem áður hafa verið gefnar út af velferðarvaktinni um málefni barna**
- **Styrkleika og veikleika rannsóknarinnar og mögulegt framhald.**
- 
- **Helstu niðurstöður**

Í upphafi skýrslunnar eru helstu og merkilegustu punktar hennar nefndir. Rannsakandi velur hér að nefna sérstaklega þrjá af þeim sem þar eru nefndir og skerpa enn frekar á þeim út frá niðurstöðum sem liggja fyrir, tölfræði sem og skoðunum rannsakanda.

Umræða um feðraorlof var fyrirferðarmikil í rýnihópunum. Þar er því haldið fram af þeim fagaðilum er vinna með ungabörn og foreldrum ungabarna að feður fari síður í fæðingarorlof en fyrir kreppu. Ef það er raunin er það alvarleg þróun og þvert á þá hugmynd og það markmið sem unnið var eftir þegar þessum valkosti fyrir foreldra og börn var komið á. Þegar rýnt er í tölur Hagstofunnar sést að fækkun hefur orðið í hópi karla sem viðtakanda greiðslna vegna fæðingarorlofs milli árána 2008 og 2010, þó ekki sé um töluverða fækkun að ræða líkt og greina mátti á máli þátttakenda. Árið 2008 voru 4.284 karlar viðtakendur greiðslna vegna fæðingarorlofs, árið 2009 voru þeir 4.235 og árið 2010 alls 3.7916. Mögulegt er að þróunin hafi haldið áfram í þessa átt árið 2011 en tölur liggja fyrir um það að svo stöddu.

Þriðji punkturinn sem rannsakandi telur þurfa að skerpa enn frekar á er umræðan um mikla eftirspurn eftir sál- og geðheilbrigðisþjónustu. Fyrir nokkrum árum fór af stað tilraunaverkefni þar sem sálfræðingar hófu störf á heilsugæslustöðvum. Þar sem um tilraunaverkefni var að ræða fengu aðeins valdar stöðvar slíkt stöðugildi meðan verið væri að sjá hvernig til tækist. Í dag er svo komið að mun meiri eftirspurn virðist vera en framboð eftir slíkri þjónustu á þeim stöðvum sem um ræðir miðað við umræðu rýnihópanna, könnun frá vorinu 2011 sem og áfangaskýrslur velferðarvaktarinnar sem komið verður inn á hér á eftir. Svo virðist sem öll börn sitji ekki við sama borð þegar kemur að þessari þjónustu. Það hvar þú býrð í sveitarfélagi og þar af leiðandi hvaða heilsugæslustöð þú eða heimilislæknirinn þinn tilheyrir, getur skipt sköpum þegar kemur að rétti þínum til ókeypis eða niðurgreiddrar sál- og geðheilbrigðisþjónustu. Í samfélagi okkar í dag er umhverfi sem getur aukið hættu á geðrænum vanda, til að mynda vegna erfiðs efnahags- og atvinnuástands. Þegar tölur hjá Embætti landlæknis eru skoðaðar styðja þær þá miklu eftirspurn sem um ræðir. Árið 2005 voru alls 8.513 komur á heilsugæslustöðvar landsins vegna sálrænna einkenna (psychological) en árið 2010 voru þær 11.023. Ef tölur fyrir komur vegna sálrænna einkenna eru skoðaðar í stærra samhengi sést til að mynda að fjöldi þeirra er svipaður og komur á

---

<sup>6</sup> Hagstofa Íslands (1. nóvember 2011). *Viðtakendur greiðslna vegna fæðingarorlofs eftir fæðingarári barns 2001-2010*. Sótt 23. ágúst 2012 frá <http://hagstofa.is/Hagtalur/Heilbrigdis,-felags-og-domsmal/Almannatryggingar>

heilsugæslu vegna einkenna frá augum eða eyrum. Árið 2010 leituðu alls 9.422 til heilsugæslunnar vegna einkenna frá augum og 12.911 vegna einkenna frá eyrum. Það er ljóst að þörfin er mikil hérlandis því í þessum tölum er aðeins tekinn sá fjöldi sem kemur til lækna vegna sálrænna einkenna, en þá eru undanskildir þeir sem koma af öðrum ástæðum sem geta átt uppruna sinn að rekja til sálrænna einkenna. Þessar tölur Embættis landlæknis ná til breiðari hóps en um ræðir í þessari skýrslu og eiga ekki sérstaklega við börn, en gefa hugmynd um þá miklu eftirspurn sem er til staðar.

Það helsta og kannski mikilvægasta að mati rannsakanda hvað varðar tillögur að úrbótum í umræðum rýnihópa var að breyta þyrfti áherslum. Þörf er á sértækum aðgerðum í bland við heildræna sýn í stað almennra aðgerða til skemmri tíma. Þörf er á ákveðnum hugarfarsbreytingum í samfélaginu öllu, hvort sem átt er við fagaðila, óháðan aðila eða þann sem þarf á aðstoð að halda. Slíkar breytingar þurfa ekki að vera mjög kostnaðarsamar. Fræðsla í öllum formum er nauðsynleg sama hvernig aðstæður eru hverju sinni, en áður þarf að hafa verið mörkuð heildræn sýn í málaflokknum. Gott er að skoða hluti og stefnur upp á nýtt á heildrænan hátt á tímum sem þessum. Innleiðing sálfræðinga á heilsugæslustöðvar er dæmi um heildræna sýn á þá þjónustu sem bjóða skal upp á í nærumhverfi. Það sem þó ert athugavert varðandi þá innleiðingu er hve hægt hún gerist og að börn í sama bæjarfélagi og jafnvel í sama skóla sitja ekki við sama borð þegar kemur að slíkri þjónustu þrátt fyrir mikla eftirspurn og góða reynslu.

- **Enn frekari tengsl við tölfraði og fyrri verkefni velferðarvaktarinnar**

Líkt og þátttakendur í rýnihópunum nefna virðist bilið milli þeirra sem standa vel og þeirra sem standa höllum fæti vera að breikka. Sá hópur sem áður taldist til svo kallaðs „miðjuhóps“ fer minnkandi og þeir sem eru til dæmis á mörkum þess að ná viðmiðum fyrir félagslega aðstoð eiga í dag enn erfiðara með að láta hlutina ganga og ná endum saman. Slíkt getur svo leitt til áðurnefndra keðjuáhrifa sem þátttakendur lýstu yfir sem áhyggjuefni. Slík áhrif eru raunveruleg. Það að ná ekki endum saman er sá þáttur sem líklegastur er til að hafa neikvæð áhrif á hamingju Íslendinga – óháð tekjum samkvæmt nýlegri könnun Embættis landlæknis<sup>7</sup>. Þegar tölur um tekjur og lágtekjumörk eru skoðaðar sést að lítil breyting hefur orðið á því hve stór hluti fólks á Íslandi er undir lágtekjumörkum (miðast við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu). Á milli árána 2006 og 2007 varð aukning í þessum hópi sem hélst nokkuð jafn þar til árið 2010 þegar fólki fækkaði aftur sem var fyrir neðan lágtekjumörkin. Sama má segja um heildartekjur fólks, lítil breyting hefur verið á þeim milli árána 2006 og 2010, en aftur á móti má sjá mikla hækkun á heildartekjum árið 2007. Hins vegar má einnig greina það að frá árinu 2006 hefur tölurverð hækkun orðið á skuldum heimilanna<sup>8</sup>.

Annað dæmi sem viðkemur tölum fremur en ályktunum eru skilnaðir. Í könnuninni frá vorinu 2011 kom fram í svörum þátttakenda að þeir upplifðu skilnaði tíðari og „verri“ í dag sem síðan hefði áhrif á andlega heilsu og hegðun barna. Þetta voru þátttakendur rýnihópa ekki allir tilbúnir að ræða þar sem ekki þótti viðeigandi að draga slíkar ályktanir óháð gögnum.

Mikill samhljómur er við fyrri skýrslur velferðarvaktarinnar, til að mynda áfangaskýrslu hennar frá vorinu 2011. Þar er farið yfir stöðu verkefna velferðarvaktarinnar þar sem áhersla er lögð á tíu helstu tillögur stýrihóps velferðarvaktarinnar til ríkisstjórnarinnar sem snerta málefni barna og barnafjölskyldna, ungmenni, skóla og atvinnumál, skuldavanda heimilanna og vinnuþæðisráði fyrir sérstaka hópa. Þar er lögð áhersla á hóp ungmenna 16–25 ára, að efla geð- og sálfélagslega þjónustu á heilsugæslustöðvum, að stuðningur verði aukinn og

<sup>7</sup> Dóra Guðrún Guðmundsdóttir (2011). The Impact of Economic Crisis on Happiness. *Social Indicators Research*. DOI 10.1007/s11205-011-9973-8

<sup>8</sup> Velferðarvaktin (2012). *Félagsvísar*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

gripið til sérstakra aðgerða til að tryggja betur en nú er gert velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og að skoðaðar verði greiðslur til foreldra í foreldra- og fæðingarorlofi<sup>9</sup>. Það sama er uppi á teningnum þegar fleiri skýrslur velferðavaktarinnar eru skoðaðar frá síðastliðnu ári. Í áfangaskýrslu barnahóps velferðavaktarinnar koma einnig fram tillögur er snúa að hópi 15–19 ára og stöðu þeirra á vinnumarkaði og í skólum, fjallað er um neyslu þessa hóps, þ.e. ungmenna á framhaldsskólastigi og einnig er kallað eftir auknu fjármagni til geðheilbrigðisþjónustu barna<sup>10</sup>. Í áfangaskýrslu velferðavaktarinnar frá undirhópi um þá sem standa höllum fæti koma svipaðar tillögur fram. Bent er á erfiða stöðu ungs fólks án atvinnu, vanta þótti upp á aukna samvinnu kerfa í þágu þeirra sem standa höllum fæti og að heildarsýn þyrfti að komast á í þessum málum og kallað eftir mótun stefnu allt til ársins 2020<sup>11</sup>. Líkt og fram kemur á þessari stuttu yfirferð yfir aðeins brot af skýrslum sem velferðavaktin hefur gefið út er mikill samhljómur með þeim tillögum sem settar hafa verið fram og þeim sem koma fram í skýrslu þessari.

- **Styrkleikar, veikleikar og næstu skref**

Einn af styrkleikum rannsóknarinnar er að dreifður hópur fagaðila kom að umræðum rýnihópa, eða um sjö fagstéttir. Annar styrkleiki er að flestallir þátttakendur hafa starfað með börnum í fleiri en fimm ár sem gefur þeim þann samanburð sem leitað var eftir. Takmarkanir rannsóknarinnar voru einnig einhverjar og ávallt má gera betur. Eina fagstétt vantaði í hópana, sálfræðinga, þ.e. þá sálfræðinga sem nú þegar starfa við heilsugæslu. Önnur takmörkun er kynjahlutfall þátttakenda en mun fleiri konur tóku þátt, eða 67% konur á móti 33% karla. Annað varðandi kynjaskiptingu er að einungis var tekið opið viðtal við konur. Þetta hlutfalli endurspeglar þó að öllum líkindum kynjaskiptingu þeirra sem vinna á þessum stofnunum.

Byggt á því sem komið hefur fram hér að framan og vegna takmarkaðs tíma við vinnslu rannsóknarinnar eru eftirfarandi næstu skref rannsóknarinnar nefnd. Kalla þarf til notendur sjálfa og fá að heyra viðhorf þeirra og upplifun af stöðunni eins og hún er í dag samanborið við stöðuna fyrir efnahagshrunið. Mögulegt væri að leggja spurningalista fyrir flesta notendur, byggðan á þeim niðurstöðum sem fyrir liggja í dag. Annað sem ekki var gert nema í mjög litlum mæli hér er að fá viðhorf og upplifanir þeirra sem vinna í svokölluðum þriðja geira, þ.e. öllum þeim hjálparstofnunum og samtökum sem fólk getur leitað til ef eitthvað kemur upp á. Þau hafa góða yfirsýn yfir stöðu mála þar sem þau hafa ávallt verið í tengslum við þennan hóp, þ.e. þá sem standa höllum fæti.

Næstu skref í málaflokknum miðað við niðurstöður sem liggja fyrir væri að auka fræðslu og stuðla að breyttum hugsunarhætti hjá samfélagsþegnum þessa lands. Ein leið væri til dæmis að velferðavaktin kynnti sig enn meira út á við og allar upplýsingar sem hafa safnast á hennar vakt frá 2009. Margt bendir til að vel hafi tekist í ýmsum verkum stjórnvalda, ríkis og sveitarfélaga þrátt fyrir mikinn niðurskurð. Kominn er tími á að boltinn rúlli í meiri mæli yfir til notenda nú fjórum árum eftir efnahagshrunið.

---

<sup>9</sup> Velferðavaktin (júní 2011). *Áfangaskýrsla velferðavaktarinnar vor 2011*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

<sup>10</sup> Velferðavaktin (júní 2011). *Áfangaskýrsla barnahóps vor 2011*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

<sup>11</sup> Velferðavaktin (2011). *Áfangaskýrsla hóps um þá sem standa höllum fæti, vor 2011*. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

## Heimildaskrá

---

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir (2011). The Impact of Economic Crisis on Happiness. Social Indicators Research. DOI 10.1007/s11205-011-9973-8

Embætti landlæknis (e.d.). Tílefni viðtala við lækna á heilsugæslustöðvum 2005–2010. Sótt 2. mars 2012 frá: <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item4299/4762.xls>

Hagstofa Íslands (1. nóvember 2011). Viðtakendur greiðslna vegna fæðingarorlofs eftir fæðingarári barns 2001-2010. Sótt 23. ágúst 2012 frá <http://hagstofa.is/Hagtalur/Heilbrigdis,-felags-og-domsmal/Almannatryggingar>

Sigurlína Davíðsdóttir (2003). Eigindlegar eða meginlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum. Akureyri: Bókarvirkið.

Sóley Bender (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum. Akureyri: Bókarvirkið.

Velferðarvaktin (2012). Félagsvísar. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

Velferðarvaktin (2011). Áfangaskýrsla velferðarvaktarinnar, júní 2011. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

Velferðarvaktin (2011). Áfangaskýrsla barnahóps, vor 2011. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.

Velferðarvaktin (2011). Áfangaskýrsla hóps um þá sem standa höllum fæti, vor 2011. Reykjavík: Velferðarráðuneytið.



## Viðauki 1 – Upplýsingabréf þátttakenda rýnihópa

---



Reykjavík, X. júní 2012

[Nafn]

[Stofnun]

[Aðsetur]

Með bréfi þessu er þér þakkað fyrir þátttöku þína í rýnihópi um velferð barna í viðkvæmri stöðu. Jafnframt eru nánari upplýsingar um verkefnið sem unnið er á vegum velferðarvaktarinnar, en velferðarvaktin var stofnuð í upphafi árs 2009 til að fylgjast með áhrifum efnahagsástandsins á einstaklinga og fjölskyldur og leggja til aðgerðir í þágu heimilanna.

Velferðarvaktinni hafa borist upplýsingar um að afleiðingar kreppunnar hafi bitnað harðar á þeim börnum sem bjuggu við vanda og erfiðleika fyrir kreppu og að í kjölfarið standi þau enn verr í dag. Sjáist þess meðal annars skýr merki í skólaskarfi. Í því ljósi var farið af stað með könnun á stöðu þessara barna í mars 2011. Í sumar er ætlunin að ljúka þeirri vinnu með útgáfu skýrslu. Áður en lokahönd verður lögð á verkið er það ósk þeirra sem að verkefninu standa að helstu niðurstöður verði lagðar fyrir hóp fagaðila sem standa að baki svörunum og kanna hvort þau endurspegli reynslu viðkomandi. Undirrituð var fengin til verkefnisins. Þrír rýnihópar (focus groups) verða skipaðir; tveir á höfuðborgarsvæðinu og einn á Suðurlandi.

„Rýnihópar (focus groups), eða hópviðtöl, eru eigindleg rannsóknaraðferð sem notuð er til að öðlast betri skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps fólks gagnvart ákveðnu viðfangsefni rannsókna.“<sup>1</sup>

Tilgangurinn er því ekki að spyrja út í einstök svör eða rekja þau í hópunum heldur að fá viðhorf á heildarútkomuna, bæði á landsvísu og eftir landshlutum; hvort þau teljist endurspeglar stöðuna.

Hlutverk undirritaðrar í hópunum verður því að koma með upplýsingar um könnunina og halda utan um umræður sem skapast. Ég kem ekki inn sem sérfræðingur í málefniinu, það ert þú sem kemur með þá þekkingu. Mitt hlutverk snýr að ferlinu og útfærslu hópanna. Ég er

---

<sup>1</sup> Sóley Bender (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum. Akureyri: Bókarvirkið).

að ljúka mínu fimmta ári í sálfræði, nánar tiltekið mínu seinna ári í cand. psych. námi frá háskólanum í Árósum. Frá 1. júní 2012 er ég ráðin í velferðarráðuneytið sem sumarstarfsmaður og snýr mín vinna eingöngu að þessu verkefni velferðarvaktarinnar.

Öllum gögnum verður eytt eftir úrvinnslu, þar með talað öllu varðandi hópinn. Vert er að taka fram að hóparnir verða myndaðir. Það er aðeins gert til að auðvelda úrvinnslu – og mun því verða eytt líkt og öðrum gögnum. Upptökurnar verða aðeins aðgengilegar stjórnanda umræðu og þeim aðilum er standa að verkefninu. Umræður og svör verða ekki rakin til einstaklinga við úrvinnslu.

Fundur hópsins sem þú situr í fer fram þann X.X.2012 kl. X í húsakynnum velferðarráðuneytisins, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, nánar tiltekið í fundarsalnum Stefnið. Léttar veitingar verða í boði. Áætlað er að fundinum ljúki kl. X.

Nánari upplýsingar er að fá hjá mér, Berglindi Stefánsdóttur, í síma 545-8147 eða á [bergлинд.stefansdottir@vel.is](mailto:bergлинд.stefansdottir@vel.is)

Með góðri kveðju,

Berglind Stefánsdóttir

Nánari upplýsingar um velferðarvaktina er að finna hér:  
<http://www.velferdarraduneyti.is/velferdarvaktin/>



## Viðauki 2 – Umræðurammi fyrir rýnihópa

---

### 1. Inngangur og kynning

- Þátttakendur boðnir velkomnir
- Stjórnandi kynnir sig og Velferðarvaktina (benda á skýrslur sem eru í boði)
- Greint frá tilgangi og ávinningi rannsóknarinnar
- Skýrt frá framkvæmd viðtalsins og tímalengd þess
- Greint frá nauðsyn þess að taka viðtalið upp
- Fara yfir reglur:
  - Umræða verður ekki rekin til ákveðinna einstaklinga
  - Þagnarskylda innan hópsins.
  - Forðast óþarfa neikvæða umræðu – þá er ekki átt við efnislega neikvæða umræðu
  - Mikilvægt að allir taki þátt í umræðunum og komi sínu viðhorfi á framfæri – leyfa öllum að tala

### 2. Meginmál/spurningar

- Hver er ykkar upplifun og reynsla varðandi núverandi stöðu þeirra barna sem voru í erfiðri stöðu fyrir kreppuna?
- Kynning á helstu niðurstöðum könnunar á stöðunni (sp. 1 og 2)
- Niðurstöður á landsvísu
- Niðurstöður landshluta
- Á hvaða hátt endurspeglar þessar niðurstöður viðhorf ykkar og reynslu á málum þessa hóps barna?
- Kynning á helstu niðurstöðum könnunar á úrbótum (sp. 3)
- Niðurstöður á landsvísu
- Niðurstöður landshluta
- Á hvaða hátt endurspeglar þessar niðurstöður viðhorf ykkar og reynslu til þessara tillaga á aðgerðum í þeim tilgangi að bæta hag þessara barna?
- Hvaða aðgerðir teljið þið brýnastar/gagnlegastar til að bæta hag þessa hóps barna?
- Koma upp fleiri hugmyndir hjá ykkur sem ekki hafa þegar komið fram?

### 3. Samantekt

- Taka saman það sem komið hefur fram í fáum orðum
- Er vilji til að bæta einhverju við? Er verið að gleyma einhverju tengdu þessum málaflokki eða finnst ykkur eitthvað vanta í umræðuna?

### 4. Þakka fyrir þátttökuna

## Viðauki 3 – Viðmið fyrir opin viðtöl

### Opið viðtal Upplýsingablað – umræða

- Verkefni á vegum velferðarvaktarinnar
  - Velferðarvaktin var stofnuð í upphafi árs 2009 til að fylgjast með áhrifum efnahagsástandsins á einstaklinga og fjölskyldur og leggja til aðgerðir í þágu heimilanna.
- Velferðarvaktinni hafa borist upplýsingar um að afleiðingar kreppunnar hafi bitnað harðar á þeim börnum sem bjuggu við vanda og erfiðleika fyrir kreppu og að í kjölfarið standi þau enn verr í dag. Sjáist þess meðal annars skýr merki í skólastarfi. Í því ljósi var farið af stað með könnun á stöðu þessara barna í mars 2011. Í sumar er ætlunin að ljúka þeirri vinnu með útgáfu skýrslu. Áður en lokahönd verður lögð á verkið er það ósk þeirra sem að verkefninu standa að helstu niðurstöður verði lagðar fyrir hóp fagaðila sem standa að baki svörum og kanna hvort þau endurspegli reynslu viðkomandi. Undirrituð var fengin til verkefnisins. Þrír rýnihópar (*focus groups*) verða skipaðir; tveir á höfuðborgarsvæðinu og einn á Suðurlandi.

Helstu niðurstöður úr könnuninni eru eftirfarandi:

#### Spurning 1:

*Grunnskólar:* Eru börn eða hópar barna í skólanum þínum sem bjuggu við alvarlegan vanda fyrir kreppu og standa enn verr í dag?

*Heilsugæslustöðvar:* Standa þau börn sem að mati heilsugæslunnar bjuggu við alvarlega erfiðleika fyrir efnahagshrunið enn verr í dag?

*Barnaverndarnefndir:* Standa þau börn sem barnaverndarnefndin hafði afskipti af fyrir kreppu enn verr í dag?

Landshluti	Hlutfall barna í grunnskólum sem svarar játandi af þeim sem svara	Hlutfall barna í umdæmi heilsugæslustöðva sem svarar játandi af þeim sem svara	Hlutfall barna í umdæmi barnaverndarnefnda sem svarar játandi af þeim sem svara
Höfuðborgarsvæðið	45,6%	100,0%	91,2%
Suðurnes	67,9%	100,0%	64,9%
Vesturland	30,4%	17,0%	65,5%
Vestfirðir	0,0%	0,0%	11,0%
Norðurland vestra	0,0%	16,5%	14,7%
Norðurland eystra	33,3%	77,9%	100,0%
Austurland	44,6%	0,0%	47,6%
Suðurland	30,0%	70,2%	9,6%
<b>Alls</b>	<b>41,7%</b>	<b>84,0%</b>	<b>77,1%</b>

### Spurning 2: Hver er vandinn og hvernig birtist hann?

1. Aukin fátækt
2. Skert þjónusta
3. Verri andleg heilsa eða hegðun

### Spurning 3: Til hvaða aðgerða ætti að grípa að mati starfsfólks til að bæta hag þessara barna?

1. Að draga úr fátækt
2. Að standa vörð um þjónustu og hugmyndir til að bæta andlega heilsu og hegðun

Rýnihópar fóru fram í vikunni 18.–22. júní og er þeirri gagnavinnslu ekki enn lokið. Það sem kom fram í svörum könnunar vorið 2011 og hefur einnig komið fram í umræðu rýnihópa er að ákveðnir hópar barna og fjölskyldna sem stóðu höllum fæti fyrir kreppu standa verr í dag:

1. Börn einstæðra foreldra
2. Börn innflytjenda/foreldra af erlendum uppruna
3. Börn/ungmenni 16–20 ára

Því er ég komin hingað í dag – langar að heyra frá þér/ykkur um þessar niðurstöður – fá dýpri skilning á þessum vanda OG hvort þið séuð vör við þennan sama vanda og skólar, heilsugæslustöðvar og barnaverndarnefndir nefna.

1. Er þessi *aukni* vandi til staðar?
2. Hver er vandinn og hvernig birtist hann?
3. Hafa einhver úrræði farið af stað EFTIR kreppu fyrir þennan hóp?
4. Hafið þið einhverjar tillögur að úrbótum?